

## Fundargerð

### 277. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í fjarfundum (Teams), 2. apríl 2020, kl. 13:00.

#### Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson og Dagbjört Jónsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri.

#### Dagskrá:

##### 1. Umræður um áætlanir vegna COVID-19 - 2003016

Lögð fram uppfærð staða verkefna í aðgerðarpakka sveitarfélaga um viðspyrnu gegn samdrætti í þjóðarbúskapnum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einnig lögð fram greinargerð frá KPMG um sveitarfélög á óvissutímum. Áhrif COVID-19 valda mikilli óvissu í rekstri sveitarfélaga, tekjur dragast saman en á sama tíma er þrýstingur á sveitarfélögin að bregðast við ástandinu og styðja við íbúa og atvinnulíf með því að gefa eftir tekjur og auka útgjöld og fjárfestingar.

Sveitarstjóri lagði fram fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2020. Samkvæmt áætlun er fyrirhugað að fara í endurnýjun á eldhúsi í Stórutjarnaskóla, endurbætur á Seiglu vegna flutnings stjórnsýslu, nýbyggingar leiguíbúða og gatnagerð, nýbygging salernisaðstöðu við Aldeyjarfoss, frágangsvinnu við Leikskólann Barnaborg og við gámvöll sem og ýmsar viðhaldsframkvæmdir m.a. í skólabyggingum og sundlaug.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að halda óbreyttri fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2020 enda er fjárhagsleg staða sveitarfélagsins góð og sveitarstjórn telur mikilvægt að draga ekki úr framkvæmdum á þessum tíma.*

##### 2. Landsnet hf.; Samningar um uppgjör fébóta - 2003022

Lagðir fram þrír samningar milli Landsnets hf. og Þingeyjarsveitar um uppgjör fébóta á grundvelli 21. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, vegna landsréttinda í þágu Hólasandslínu 3, 220 kV háspennulínu. Þingeyjarsveit er þinglýstur eigandi 100% jarðarinnar Snæbjarnastaðir, 100% jarðarinnar Tunga og 50% jarðarinnar Sörlastaðir. Landsnet hf. á nú í viðræðum við landeigendur vegna línulagnar Hólasandslínu 3.

*Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Landsnet hf. í samræmi við umræður á fundinum.*

##### 3. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða; Samningur vegna Aldeyjarfoss - 2003025

Lagður fram samningur frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða um styrk til Þingeyjarsveitar að fjárhæð kr. 16.000.000 vegna Aldeyjarfoss. Styrkfjárhæðinni verður varið til þess að bæta salernisaðstöðu við fossinn. Mótframlag Þingeyjarsveitar

er að jafnaði 20% af styrkfjárhæð.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirleggjandi samning og felur sveitarstjóra að skrifa undir hann.*

#### **4. Friðlýsing Goðafoss - 2003024**

Tillaga að friðlýsingu Goðafoss sem náttúruvættis í samræmi við 48. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd voru auglýst þann 6. desember 2019. Frestur til að senda inn athugasemdir og ábendingar var til 9. mars 2020. Alls bárust erindi frá sjö aðilum á kynningartíma og fyrir liggur greinargerð um afstöðu og viðbrögð starfshóps til þeirra athugasemda sem bárust.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða friðlýsingu Goðafoss fyrir sitt leyti og óskar eftir fyrirhugaðri dagsetningu að undirritun friðlýsingarinnar frá umhverfis- og auðlindaráðherra.*

#### **5. Skipulags- og umhverfisnefnd: Fundargerðir - 1804018**

Lögð fram fundargerð 123. fundar Skipulags- og umhverfisnefndar frá 2.04.2020. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í ellefu liðum.

2. liður fundargerðar; Vegagerðin, ný lega Norðausturvegar 85-02 um Skjálfandafliót í Kinn.

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar og óskar þess að endanleg veglína verði samkvæmt áætlaðri veglínu 2-C eins og bókað var á fundi nefndarinnar þann 13.11.2019 og staðfest af sveitarstjórn 21.11.2019. Einnig tekur sveitarstjórn undir með nefndinni og hafnar báðum tillögum Vegagerðarinnar að tímabundnum úrbótum við gatnamót við Tjörn. Sveitarstjórn leggur áherslu á að strax verði farið í framkvæmdir við endanlega veglínu en ekki farið í tímabundnar lágmarks framkvæmdir sem raska góðu ræktarlandi.*

*Sveitarstjórn hvetur Vegagerðina til að hefja vinnu við undirbúning framkvæmdarinnar hið fyrsta.*

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.*

#### **6. Skýrsla sveitarstjóra - 1903026**

Sveitarstjóri fór yfir helstu verkefni úr starfi sveitarfélagsins síðustu vikur.

##### ***Fundir viðbragðsteymis Þingeyjarsveitar.***

*Viðbragðsteymi Þingeyjarsveitar vegna COVID-19 hefur fundað reglulega s.l. vikur. Enn hafa engin smit greinst í Þingeyjarsveit, nú eru 34 staðfest smit á Norðurlandi eystra. Reglulega er fundað með skólastjórum grunnskólanna. Sveitarstjóri upplýsir sveitarstjórn reglulega um málefni funda viðbragðsteymisins.*

##### ***Grunn- tónlistar- og leikskólar.***

*Fjarnám á öllum stigum grunn- og tónlistardeilda s.l. viku hefur gengið vel, foreldrar eru almennt ánægðir og jákvæðir og hafa hrósað skólunum fyrir að fara þessa leið. Sama má segja um kennara sem hafa lagt sig alla fram um að láta þetta ganga og eiga hrós skilið.*

*Skólastjórar eru báðir sannfærðir um að það hafi verið rétt ákvörðun að loka skólunum og fara þá leið sem ákveðið var að fara, skólarnir væru að veita betri þjónustu til nemenda en hefði verið með því fyrirkomulagi sem viðhaft var í upphafi samkomubanns og takmörkunar á skólahaldi. Nú sitja allir við sama borð, allir nemendur í fjarnámi. Einnig nefndu skólastjórnarnir að þessi ákvörðun hefði létt mikið*

á kvíða sem var vaxandi, bæði hjá starfsfólki og nemendum.

Skólastjórar hafa verið í sambandi við foreldra leikskólabarna sem tilheyra forgangshópi og upplýst þá um að leikskólar verði opnir þeim sé þess óskað. Nokkrir foreldrar hafa nýtt sér þá þjónustu í Barnaborg.

Sambandi íslenskra sveitarfélaga var send greinargerð um þetta fyrirkomulag skólahalds í Þingeyjarsveit og upplýst um hvers vegna þessi leið var farin. Í svari frá sambandinu kemur fram að unnið væri virkilega metnaðarfullt námsskipulag fyrir alla aldurshópa í Þingeyjarsveit og einstaklega vel að þessu staðið, eftirfylgni og samskipti við nemendur til fyrirmyndar.

Hér er um mikið samstarf heimilis og skóla að ræða sem tekst vel ef allir leggja sitt að mörkum, kennarar, nemendur og foreldrar. Þetta er ein birtingarmynd þeirra samstöðu sem við finnum svo vel fyrir í samfélaginu okkar á þessum sérstöku tímum. Skólaakstur hefur legið niðri þar sem skólastarf var fært heim í fjarkennslu en skólabílstjórar fá greitt sem svarar 50% af daglegum akstri sem er í samræmi við gildandi samninga um skólaakstur.

### **Aðstoð við innkaup, samstarf við Dalakofann.**

Sveitarfélagið býður nú uppá að keyra heim vörur í samstarfi við Dalakofann fyrir einstaklinga sem tilheyra viðkvæmum hópum í sveitarfélaginu og geta ekki nálgast þær sjálfir sökum COVID-19 faraldursins. Íbúar hafa samband við Dalakofann sem tekur við pöntunum og starfsmaður sveitarfélagsins keyrir út vörurnar til einstaklinganna. Boðið er upp á þessa þjónustu á fimmtudögum. Þeir íbúar sem sannarlega þurfa á þessu að halda eru hvattir til þess að nýta þessa þjónustu.

Sveitarfélagið hefur einnig verið í sambandi við Rauða krossinn, björgunarsveitir og aðra sjálfbóðaliða sem hafa boðist til þess að aðstoða við innkaup fyrir viðkvæma hópa.

### **Stöðufundir með aðgerðarstjórn Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.**

Sveitarstjóri hefur setið reglulega fjarfundi með aðgerðarstjórn á svæðinu þar sem nýjustu upplýsingar eru veittar um stöðu mála. Sveitarstjóri upplýsir sveitarstjórn reglulega um málefni fundanna.

Á svæðinu hefur staðfestum smitum verið að fjölga og einnig fjölgar einstaklingum í sóttkví. Eins og staðan er nú eru 34 staðfest smit og 375 í sóttkví, þar af 25 staðfest smit á Akureyri, 1 á Grenivík, 1 á Húsavík, 1 á Siglufirði og 5 í Mývatnssveit.

Tölulegar upplýsingar má sjá inni á covid.is þar sem þær eru uppfærðar reglulega. Á fundunum hefur verið rætt um áhyggjur hvað varðar þolinmæði almennings gagnvart samkomubanninu en nú hefur það verið framlengt út apríl. Í framhaldi af því vill sveitarstjóri hvetja íbúa til þess að hlýða fyrirmælum yfirvalda, virða samkomubannið og beinir þeim tilmælum til fólks að halda sig heima við um páskana.

### **Fundur með Ásahreppi**

Fyrirhugaður fundur með nágrönnum í Ásahreppi vegna endurskoðunar aðalskipulags Fulltrúar Ásahrepps hafa óskað eftir fundi með fulltrúum Þingeyjarsveitar til þess að ræða aðalskipulag en bæði sveitarfélögin vinna nú að endurskoðun þess og mikilvægt að samræma ýmis sjónamið og stefnu þar sem sveitarfélögin liggja saman.

### **Afgreiðsla ársreikninga sveitarfélaga.**

Ákveðið hefur verið að veita öllum sveitarstjórnnum landsins heimild til að framlengja tímafresti um meðferð og skil ársreikninga. Enn sem komið er stefnum við á að afgreiða ársreikninginn 14. maí n.k. eins og upphaflega var áætlað.

### **Nýtt ákvæði í lögum um almannavarnir.**

*Samþykkt hefur verið nýtt ákvæði í lögum um almannavarnir er fjallar um borgaralega skyldu starfsmanna opinberra aðila. Lagaákvæðið er svohljóðandi: „Það er borgaraleg skylda starfsmanna opinberra aðila að gegna störfum í þágu almannavarna á hættustundu. Opinberum aðilum er heimilt að fela starfsmönnum tímabundið breyttar starfsskyldur og að flytja starfsmenn tímabundið milli starfsstöðva og opinberra aðila til að sinna verkefnum sem hafa forgang á hættustundu. Starfsmenn halda óbreyttum launakjörum við slíkar aðstæður. Þó er starfsmaður undanþeginn framangreindri skyldu sé heilsufari hans, eða annars einstaklings sem hann ber ábyrgð á, svo háttáð að öryggi hans og heilsu sé stefnt í sérstaka hættu með því að fela honum að gegna slíkum störfum.“*

*Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2021.*

### **Ársfundur Samtaka sveitarfélaga á Norðausturlandi (SSNE).**

*Í ljósi þeirrar stöðu sem uppi er í samfélaginu vegna COVID-19 veirunnar hefur stjórn SSNE í samráði við fulltrúa allra aðildarsveitarfélaga ákveðið að fresta fyrirhuguðum aðalfundi sem átti að fara fram í lok apríl. Þess í stað verður boðað til aðalfundar í september.*

### **Fjárfestingaráttak stjórnvalda vegna COVID-19.**

*Alþingi hefur samþykkt viðbótarframlag uppá 3,3 milljarða sem ákveðið hefur verið að setja í fækkun einbreiðra brúa á næstu tveimur árum. Brúin yfir Skjálfandafljót hjá Fosshóli við Goðafoss er meðal þeirra einbreiðu brúa sem verða breikkaðar á þessu ári sem er mikið ánægjuefni.*

*Sveitarstjórn þakkar sveitarstjóra og starfsmönnum fyrir sín störf undanfarið og hvetur íbúa áfram til þess að hlýða fyrirmælum yfirvalda, virða samkomubannið og beinir þeim tilmælum til fólks að halda sig heima við um páskana.*

### **7. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerðir - 1804006**

Fundargerðir 880. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Lögð fram til kynningar.*

### **8. Samstarfsnefnd um sameiningarferli - Fundargerðir - 1906023**

Fundargerð 8. fundar samstarfsnefndar um sameiningarferli.

*Lögð fram til kynningar.*

### **9. Stýrihópur Nýsköpunar í norðri - Fundargerðir - 1911007**

Fundargerð 4. fundar stýrihóps NÍN.

*Lögð fram til kynningar.*

Fundi slitið kl. 14:55.

# Undirritunarsíða

sveitarstjóri  
Dagbjört Jónsdóttir

oddviti  
Arnór Benónýsson

aðalmaður  
Ásvaldur Ævar Þormóðsson

aðalmaður  
Árni Pétur Hilmarsson

varaoddviti  
Margrét Bjarnadóttir

aðalmaður  
Jóna Björg Hlöðversdóttir

aðalmaður  
Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson

aðalmaður  
Sigurbjörn Árni Arngrímsson